

Það verður að telja, að starf stefnanda hafi verið slíkt, að honum hafi borið uppsagnarfrestur. En þar sem ekki hefir verið upplýst af hálfu stefnanda, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé venjulegur við slík störf sem hér um ræðir, þá verður rétturinn að telja uppsagnarfrestinn hæfilega ákveðinn einn mánuð frá 1. marz 1936 að telja.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigursveinn Egilsson, greiði stefnandanum, Arrebo Clausen, kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. marz 1938.

Nr. 73/1937. **Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristján Jónsson, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Hagalín, Rögnvaldur Jónsson og Hannibal Valdimarsson (Stefán Jóh. Stefánsson)**

gegn

Einari B. Guðmundssyni f. h. J. & W. Stuart Ltd.

(Einar B. Guðmundsson).

Ábyrgð meðlima samvinnufélags á skuldum félags eftir að kreppuskil hafa farið fram.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní f. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 3. júlí f. á. og krafizt þess, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnds í málinu og stefndi dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til þess in solidum að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefir verið gagnáfrýjað, þykir verða að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir verða að dæma áfrýjendur til þess in solidum að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjendur, Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristján Jónsson, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Hagalín, Rögnvaldur Jónsson og Hannibal Valdimarsson, greiði in solidum stefnda, Einari B. Guðmundssyni f. h. J. & W. Stuart Ltd., kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febr. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er skv. samkomulagi höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 13. janúar 1937 af hrm. Einari B. Guðmundssyni f. h. firmans J. & W. Stuart Ltd. Musselburgh gegn þeim Finni Jónssyni, framkvæmdastjóra Samvinnufélags Ísfirðinga, Eiríki Einars-

syni, formanni félagsstjórnarinnar, Haraldí Guðmunds-
syni skipstjóra Kristjáni Jónssyni erindreka, Ólafi Júli-
ussyni skipstjóra, Jóni Kristjánssyni skipstjóra, Guðmundi
G. Hagalín rithöfundi, Rögnvaldi Jónssyni skipstjóra og
Hannibal Valdimarssyni ritstjóra, sem allir eru félags-
menn í Samvinnufélagi Ísfirðinga, til greiðslu skuldar in
solidum að upphæð £ 314—10—4, að frádregnum kr.
365.48, ásamt 6% ársvöxtum af £ 231—10—6 frá 20. ágúst
1935 til 9. október 1935 og af £ 314—10—4 frá þeim degi
til 2. júlí 1936, en síðan af £ 314—10—4, að frádregnum
kr. 365.48, frá 2. júlí 1936 til greiðsludags og málskostna-
aðar samkvæmt gjaldskrá M. F. Í.

Stefndir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar eftir
mati réttarins, en til vara hafa þeir mótmælt vaxtakröfu
stefnanda, og krefjast þess að vera ekki dæmdir til að
greiða meira en 5% ársvexti og aðeins frá stefnudegi.

Málavextir eru þeir, að í byrjun janúar 1936 sendi
stefnandi umboðsmanni sínum í máli þessu, hrm. Einari
B. Guðmundssyni, kröfu að upphæð £ 314—10—4 til inn-
heimtu hjá Samvinnufélagi Ísfirðinga, Ísafirði. Var kraf-
an upphæðir tveggja víxla, annars að upphæð £ 230—0—0
með gjalddaga 20. ágúst 1935, en hins að upphæð £ 70—19
—0 með gjalddaga 9. okt. 1935, bankakostnaðar £ 2—0—4,
skuld fyrir tvíanna £ 11—1—8, umbúðir £ 0—5—0 og sim-
skeytakostnaðar £ 0—4—4. Þegar umbm. stefnanda barst
krafan, hafði Samvinnufélag Ísfirðinga sótt um lán úr
Skuldaskilasjóði vélbátæigenda, og var kröfunni því lýst
til sjóðsins með bréfi dags. 11. jan. 1936. Í júní 1936 mun
stjórn sjóðsins hafa gengið frá frumvarpi til skuldaskila
fyrir félagið, þar sem lagt var til, að almennar kröfur,
en í þeim flokki var krafa stefnanda, yrðu greiddar með
5%. Hinn 2. júlí 1936 var frumvarpið borið undir atkvæði
kröfuhafa og greiddi meiri hluti þeirra atkvæði með því.
Umboðsmaður stefnanda á fundinum neitaði hins vegar
að samþykkja frumvarpið og greiddi atkvæði gegn því.

Stefnandi vildi nú ekki una þessum úrslitum, þar sem
hann taldi, að félagsmenn í samvinnufélaginu bæru solidar-
íska ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þrátt fyrir skulda-
skilin. Þessa skoðun stefnanda tilkynnti umbm. hans
stjórn samvinnufélagsins m. br. dags. 26. okt. 1936 og bað
þess jafnframt, að sér yrði gefin vitneskja um, hvort fé-

lagsmenn myndu greiða það, sem ekki fékkst við skuldaskilin (þ. e. 95% kröfunnar) án málsóknar. S. d. var stjórn skuldaskilasjóðs tilkynnt hið sama og jafnframt óskað eftir greiðslu á þeim 5%, eða kr. 365.48, sem stefnanda bar úr sjóðnum skv. skuldaskilunum. Hinn 27. október 1936 voru umbm. stefnanda greiddar kr. 365.48 (5% kröfunnar) úr skuldaskilasjóði, og alllöngu síðar tilkynnti samvinnufélagið, að einstakir félagsmenn þess myndu ekkert greiða, og eru því ógreidd þau 95% kröfunnar, sem ekki fengust úr sjóðnum, og hefir stefnandi nú höfðað mál þetta gegn nokkrum einstökum félagsmönnum samvinnufélagsins til greiðslu þessara eftirstöðva.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að í 4. gr. laga Samvinnufélags Ísfirðinga sé svo fyrir mælt, að félagsmenn beri einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldum félagsins og skuldbindingum. Þetta ákvæði beri að skoða sem venjulegt ábyrgðarloforð og skv. því og 3. gr. 2. mgr. samvinnufélagalaganna nr. 36/1921 og með hliðsjón af 21. gr. skuldaskilasjóðslaganna nr. 99 frá 1935 sem er svohljóðandi: „Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda“, sé vafalaust, að hinir einstöku félagsmenn séu skyldir til að greiða það, sem ekki fékkst úr skuldaskilasjóðnum, eða þau 95% hinnar upphaflegu kröfu, sem ekki fengust greidd úr skuldaskilasjóði.

Stefndir byggja sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að einstakir félagsmenn í Samvinnufélagi Ísfirðinga séu ekki, að afloknum skuldaskilum í Skuldaskilasjóði vélbátaeigenda ábyrgir með eignum sínum fyrir þeim hluta af skuldum félagsins, sem ekki hafi fengizt greiddur eða tryggður við skuldaskilin. Enginn vafi sé á því, að skuldbinding félagsins sem félags sé liðin undir lok. Um afstöðu félagsmanna sem einstaklinga sé því tvennt til. Annaðhvort beri að skoða þá sem venjulega ábyrgðarmenn fyrir skuldum félagsins eða þá að telja verði félagið og félagsmennina samtengda þannig, að það og þeir í heild séu einn óaðgreinanlegur aðili. Nú hafi stefnandi gefið óskilyrta fullnaðarkvittun fyrir skuld félagsins við sig (sbr. síðar), og þar sem það sé regla íslenzks réttar, að skuld verði ókræf

hjá ábyrgðarmönnum, ef hún fyrir eftirgjöf falli niður gagnvart aðalskuldara, þá leiði af því, að hin umkrafaða skuld sé fallin niður, ef félagsmenn séu skoðaðir sem ábyrgðarmenn fyrir skuldum félagsins. Séu félagið og einstakir félagsmenn hins vegar skoðaðir sem einn ó-aðgreinanlegur aðili, þá leiði af því, að fullnaðarkvittunin til félagsins sem slíks hljóti einnig að vera fullnaðarkvittun til einstakra félagsmanna. Af þessu leiði sýknu þeirra, ef engin ákvæði í skuldaskilaskýðslögunum sjálfum kvæðu öðruvísi á og þannig breyttu hinum almennu reglum. Í 21. gr. þeirra sé að visu sagt, að þótt skuld falli niður gagnvart aðalskuldara, þá haldi hún gildi sínu gagnvart ábyrgðarmönnum, en greinin eigi aðeins við það tilvik, þegar ábyrgðarmaður hafi með sérsamningi tekið á sig ábyrgð, en hinsvegar alls ekki, þegar ábyrgðin sé stofnuð án sérstaks loforðs, t. d. bara með því að gerast félagsmaður í samvinnufélagi með ótakmarkaðri ábyrgð, og útlöki greinin því stefnanda frá að ganga að þeim um greiðslu hinnar umstefndu upphæðar. Framkvæmd skuldaskilaskýðslaganna sýni einnig ljóslega, að þessi skilningur sé réttur, þar sem annars hefði átt að draga bú hvers einstaklings innan félagsins undir skuldaskilin, en það hafi, sem kunnugt sé, ekki verið gert.

Rétturinn verður nú að telja, að skv. 3. gr. 2. tölul. samvinnufélagalaganna og 4. gr. laga samvinnufélagsins séu einstakir félagsmenn á bak við félagseignina ábyrgðarmenn í venjulegum skilningi fyrir skuldum félagsins og verður því ekki fallizt á það með hinum stefndu, að unnt sé að telja skuld þessa fallna niður gagnvart þeim af þeirri ástæðu, að þeir og félagið séu einn aðili, og með því að kvitta félagið fyrir skuldinni, þá hafi þeir líka raunverulega verið kvittaðir fyrir henni. En enda þótt telja verði einstaka félagsmenn aðeins ábyrgðarmenn fyrir skuldum félagsins, þá er ekki unnt að telja þá almennu reglu gilda í þessu falli, að með því að kvitta félagið fyrir skuldinni hafi stefnandi svipt sig rétti til að krefjast hennar af ábyrgðarmönnum, þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi var skv. skuldaskilaskýðslögunum og með samþykkt annara skuldheimtumanna félagsins gegn vilja sínum knúinn til þess að kvitta félagið sem slíkt fyrir

skuldinni, enda greiddi hann atkvæði gegn skuldaskilunum. Er þá næst að athuga, hvort 21. gr. skuldaskilasjóðslaganna hefir að geyma ákvæði, sem undanþiggi stefndu ábyrgð á hinni umstefndu skuld.

Í gr. er, eins og áður segir, ákveðið, að skuldaskilin haggi ekki heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

Rétturinn álitur, að í réttarsambandi félagsins, sem er lögpersóna, og stefnanda beri að skoða hvern einstakan félagsmann sem þriðja mann, og þar sem telja verður, að þeir hafi sett ábyrgð fyrir kröfum á félagið með inn-göngu sinni í það, sbr. áður tilvitnaðar gr. samvinnufélagaganna og laga Samvinnufélags Ísfirðinga, og þar eð 21. gr. skuldaskilasjóðslaganna virðist engan mun gera á því, hvernig ábyrgðin er sett, hvort heldur með sérstakri ábyrgðarskuldbindingu eða með þeirri athöfn, að gerast félagsmaður, þá verður ekki talið, að sú grein útiloki stefnanda frá því að gera kröfu sína gildandi gagnvart hinum stefndu. Þá getur rétturinn heldur ekki fallizt á það með hinum stefndu, að framkvæmd skuldaskilasjóðslaganna skeri úr um það, að krafa stefnanda sé orðin ókræf hjá þeim. Framkvæmd laganna sker á hvorugan veginn úr máli þessu.

Í öðru lagi byggja stefndir sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi með fyrirvaralausri kvittun sinni til skuldaskilasjóðs, dags. 27. okt. 1936, viðurkennt, að hann hafi fengið fullnaðargreiðslu á þessari umstefndu kröfu, og með því svipt sig rétti til þess siðar að heina kröfu sinni að einstökum félagsmönnum í Samvinnufélagi Ísfirðinga. Á þetta verður ekki fallizt. Orðalag kvittunarinnar og bréfið, sem stefnandi afhenti sjóðnum um leið og kvittað var fyrir því, sem hann hlaut úr honum, og sem áður er getið (dags. 26. okt. 1936), sbr. og bréfið, sem stefnandi sendi stjórn samvinnufélagsins, dags. 26. okt. 1936, skera ótvírætt úr um það, að stefnandi áskildi sér einmitt rétt til að ganga að einstökum félagsmönnum um greiðslu eftirstöðva skuldarinnar um leið og hann undirritaði kvittunina, enda þótt það sé ekki berum orðum tekið fram í sjálfri kvittuninni. —

Aðalkrafa stefnda verður því af framangreindum ástæðum ekki tekin til greina.

Stefndir hafa gert varakröfu um, að vextir yrðu aðeins tildæmdir frá stefnudegi og þá einungis 5% p. a. Um upphæð vaxtanna verður þessi krafa stefndra tekin til greina og þeir því aðeins dæmdir til að greiða 5% p. a., en hins vegar verða þeir dæmdir til að greiða vexti af skuldarupphæðinni eins og hún hefir verið á hverjum tíma, þó aðeins frá því að skuldaskilasjóði barst krafan eða frá 13. janúar 1936.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndir verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda £ 314—10—4, að frádregnum kr. 365.48, ásamt 5% ársvöxtum af £ 314—10—4 frá 13. janúar 1936 til 2. júlí 1936 (samþykkt skuldaskilanna) og af £ 314—10—4 að frádregnum kr. 365.48 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað, er eftir málavöxtum þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristján Jónsson, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Hagalín, Rögnvaldur Jónsson og Hannibal Valdemarsson, greiði in solidum stefnandanum, hrm. Einari B. Guðmundssyni f. h. J. & W. Stuart Ltd., £ 314—10—4, að frádregnum kr. 365.48, ásamt 5% ársvöxtum af £ 314—10—4 frá 13. janúar 1936 til 2. júlí 1936 og af £ 314—10—4 að frádregnum kr. 365.48 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.